



Fundargerð

231. fundur Umhverfis- og skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12,
7. júní 2019, kl. 14:00

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkhartur Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson.

Starfsmenn:

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sigmundur Eyþórsson tæknifulltrúi, Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

* * *

1. Samráðs- og afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 266 (2019050554)

Lögð fram til kynningar fundargerð 266. fundar, dagsett, 23. maí 2019 með fullnaðarafgreiðslum erinda. Fundargerðin er í 14 liðum og má finna á vef Reykjaneshæjar.

2. Gjaldskrá byggingarfulltrúa (2019051830)

Lagt fram til kynningar.

3. Hafnargata - Suðurgata - Deiliskipulag (2019040026)

Reykjaneshæver óskar heimildar til að auglýsa deiliskipulagstillögu Jeess Arkitekta dags. 02.06.2019 fyrir svæðið sem afmarkast af Hafnargötu, Suðurgötu og Vatnsnesvegi.

Ráðið veitir heimild til að auglýsa deiliskipulagstillögunum. Haldin verði íbúafundur til kynningar á tillögunum á auglýsingatíma.

4. Helguvík - Deiliskipulag (2018051551)

Stakksberg ehf. óskar heimildar til að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Stakksberg 9.

Að mati Umhverfis- og skipulagsráðs þá er ekki tímabært að skoða mögulegar deiliskipulagsbreytingar í Helguvík fyrr en að nýju umhverfismati er lokið og ný og leiðrétt

HMF
R. J. G.
E. J.



umhverfiskýrsla liggur fyrir. Tvískipting deiliskipulagsferlisins flækir málsmeðferð og eykur ekki á gagnsæi í kynningarferli. Umhverfis- og skipulagsráð hafnar því að auglýsa tillöguna.

5. Mardalur 16-24 og 26-32 - Breyting á deiliskipulagi (2019060043)

Lóðarhafi AD verktakar ehf. óskar heimildar til að breyta skilmálum deiliskipulags fyrir raðhúsaloðirnar Mardalur 16-24 og 26-32 þ.a. heimilt sé að reisa húsin á einni hæð samkvæmt uppdrætti KRark, breyting á deiliskipulagi dags 08.05.2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

6. Sjafnarvellir 4 - Fyrirspurn (2019060044)

Kristján F. Geirsson óskar heimildar til að byggja 50-55m² bílskúr við Sjafnarvelli 4. Erindið var tekið fyrir 05.04.2019 en frestað og óskað eftir nánari gögnum sem eru nú lögð fram.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

7. Hringbraut 92 - Stækkun lóðar og uppfærð lóðamörk (2019060048)

B&B Guesthouse ehf. sækir um lóðastækkun.

Samþykkt með fyrirvara um meðeigendasamþykki.

8. Fífudalur - Ósk um breytingu í botnlanga (2019060045)

Íbúar Fífudals leggja fram með undirskriftalista ósk um að breyta götunni í botnlanga.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda og jákvæða umsögn slökkviliðs og lögreglu.

9. Íbúðafélag Suðurnesja - Ósk um viljayfirlýsingu (2019051925)

Íbúðafélag Suðurnesja leggja fram ósk um viljayfirlýsingu frá sveitarfélaginu um að í nýju deiliskipulagi Dalshverfis (Stapahverfi) verði skipulagðar lóðir fyrir Íbúðafélagið þar sem gert verður ráð fyrir 109 íbúðum.

Deiliskipulagsvinna við Dalshverfi III (ÍB 9A) er hafin. Erindi vísað til bæjarráðs.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the name HANF and other illegible marks.



10. Grindavíkurvegur - Umsókn um framkvæmdaleyfi (201051558)9

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi til breikkunar Grindavíkurveggar.

Skipulagsfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi.

11. Aðalskipulag - Skipulagslýsing (2019060056)

Reykjanesbær óskar heimildar til að auglýsa skipulagslýsingu aðalskipulags.

Samþykkt er að auglýsa skipulagslýsinguna.

12. Vörðubrún 3 - Viðbygging (2019051618)

Þröstur Ástþórsson óskar heimildar til að reisa viðbyggingu, breyta gluggasetningu og hurðum í samræmi við uppdrætti Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 07.05.2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

13. Djúpivogur 9 - Viðbygging (2019051605)

Stefan C. Hardonk óskar heimildar til að reisa viðbyggingu við hús sitt að Djúpavogi 9 í samræmi við uppdrætti Jeas arkitekta, dags. 23.04.2019.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda.

14. Heiðarholt 27 - Lóðarstækkun (2019051899)

Lovísa Ó. Erlendsdóttir og Hallvarður Þ. Jónsson óska eftir lóðastækkun um 4m til suðurs. Erindi var tekið fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 1. mars 2019 og hafnað. Ósk um endurskoðun ákvörðunar var lögð fram með nánari röksemdum á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 5. apríl 2019 en frestað. Nú er lagt fram bréf frá Húseigendafélaginu dags. 11. mars 2019.

Erindi hafnað þar sem girðing meðfram göngustíg á þessu svæði samræmist ekki yfirbragði hverfisins. Lögmanni verður falið að svara bréfi Húseigendafélagsins.

15. Dreifistöð DRE-801 - Vitabraut 1 (2019060059)

HS veitur hf. óska heimildar til færslu á spennustöð í samræmi við ófullgert lóðablað breytt 29.05.2019. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa og landeigenda.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3.



16. Fitjar - Heimild til að vinna deiliskipulag (2019060062)

Reykjanesbær óskar heimildar til að láta vinna deiliskipulag fyrir svæðið frá Fitjabakka að Stekkjarkoti og Víkingaheimum. Markmið skipulagsins er lýðheilsa, náttúruvernd og náttúruskoðun.

Samþykkt heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagsbreytingu í samvinnu við skipulagsfulltrúa.

17. Þórustígur 9 - Fyrirspurn um lóðarstækkun (2019060064)

Davíð R. Bjarnason og Unnur I. Karlsdóttir óska heimildar til að stækkunar á lóð til norðurs.

Erindi frestað.

18. Víðidalur 9 - Lóðarumsókn (2019051849)

María Guðmundsdóttir sækir um lóðina Víðidalur 9.

Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.

19. Víðidalur 9 - Lóðarumsókn (2019051970)

Anton Levchenko sækir um lóðina Víðidalur 9.

Þar sem fleiri aðilar sóttu um lóðina, mun hlutkesti fara fram milli umsóknaraðila. Skipulagsfulltrúa falið að sjá um hlutkestið og bjóða umsóknaraðilum að vera viðstaddir. Greint frá niðurstöðum á næsta fundi.

20. Eikardalur 10 - Lóðarumsókn (2019051938)

Kristján I. Sigurðarson sækir um lóðina Eikardalur 10

Úthlutun samþykkt.

21. Brekadalur 63 - Lóðarumsókn (2019060001)

Kristinn Ríkhartsson sækir um lóðina Brekadalur 63.

Úthlutun samþykkt.

HMF
Ryca A.
RH



22. Mælaborð sviðsstjóra og framkvæmdir (2019060070)

Sviðsstjóri umhverfissviðs leggur fram mælaborð og áætlun um framkvæmdir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:20

Guðni - Guðni
Rátt f. Önnu
Guðrun f. Rúnar
Helga María Finnbj.